

Reykjavíkurbrief

Framh. af bls. 7

tíðir í einstökum landshlutum, þýðir það, að hraðfrystihúsin fá ekki hræfni, fólkið í landi ekki atvinnu og sjómennirnir aðeins lágan hlut, sem ekki hrekkur til þess að framfleyta fjölskyldum þeirra.

Þegar við þetta bætist, að olían, sem knýr vélar vélbátaflotans og veiðarfærin, sem fiskað er með, stórhækka einnig í verði, er nokkurn veginn auðsætt að afleiðing alls þessa er skerðing lífskjara og viðtækir erfiðleikar. Misærið hefur þá knúið dyra og sagt á þreifanlega til sín.

„Afturhaldinu“ að kenna

ÍSLENZKA þjóðin hefur révinlega verið háð því, hvernig fiskaðist fyrir norðan og vestan, austan og sunnan, hvernig bændur hafa heyjað, hvernig búpeningur gekk fram. Þess vegna hlýtur hún að kunna glögg skil á misærinu og afleiðingum þess.

Þrátt fyrir það eru til menn í landinu, sem reyna að telji henni trú um, að allir erfiðleikar hennar nú spretti af því, að „afturhaldsstjórn“ sé við völd. Þessir menn segja fólki vestur á Vestfjörðum, norður á Siglufirði og iðnaðarmönnum í Reykjavík, að rýr atvinnna þeirra í skammdeginu spretti af því, að tveir stjórnmalaflokkar í landinu séu svarnir óvinir þeirra!!

Þessir menn halda að íslenska þjóðin sé í senn skilningsliti og gleymir. Þeir álíta að hún hafi allt í einu gleymt því, að atvinnna hennar og afkoma hefur ævinlega byggst á því, að samilega áraði til lands og sjávar. Þeir vilja fá hana til þess að trúa því, að ríkisstjórnin geti ráðið fiskigöngum og heypurki. Á þessari viðleitni byggja kommúnistar og Alþýðuflokkurinn í raun og veru ádeilur sínar á núverandi ríkisstjórn.

Kommúnistar segja að vísu að virkjun Sogsins og Laxár fyrir gjafa- og lánsfé eigi verulegan þátt í erfiðleikum. Sú staðhæfing er smáblóm í þeirra hnappagat. Er óþarft að fjölyrða um hana.

Sannleikurinn er hinsvegar sá, að núverandi ríkisstjórn er fjarri því að vera „afturhaldsstjórn“. Hún hefur þvert á móti sýnt, að hún hefur glöggan skilning á þörfum almenninga í landinu. Þess vegna hefur hún gert viðtækar ráðstafanir til þess að mæta erfiðleikum með raunhæfum ráðstöfunum. Um það

mætti nefna fjölmörg dæmi svo sem útvegum nýrra og gamalla togara til ýmsra staða víðsvegar um land, eflingu fiskiðnaðarins og beinna bjargráðaráðstafana í einstökum byggðarlögum. Hafa þá ekki verið nefndar stórfelldustu framkvæmdir, sem nokkru sinni hefur verið ráðist í hér á landi og núverandi ríkisstjórn hefur haft forystu um.

Uppbygging Sjálfstæðisflokksins

ÞESSI afstaða núverandi ríkisstjórnar til afleiðinga misærisins og erfiðleika þjóðarinnar er eðlileg og sjálfsögð. Hún er enn fremur bein og rökrétt afleiðing af uppbyggingu Sjálfstæðisflokksins, sem er langsamlega stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar. Þessi flokkur er skipaður fólki úr öllum stéttum hins íslenska þjóðfélags. Innan hans mætast einstaklingar úr öllum landshlutum, frá öllum starfshópum og hagsmunasamtökum. Það er gjör samlega óhugsandi að Sjálfstæðisflokkurinn losni úr tengslum við þetta fólk og hagsmuni þess. Ef hann hefði gert það, hefði hann ekki úr áratugi verið öflugasti stjórnmálaflokkur landsmanna.

Ef Sjálfstæðisflokkurinn bæri fyrst og fremst hagsmuni örfarra okkrara og fjárplógsmanna fyrir brjósti nyti hann ekki þess trausts og fylgis, sem hann nýtur í dag.

Kjarni málsins er sá, að trygging þjóðarinnar fyrir viðsynni stjórnarstefnu, felst í því, að áhrifa Sjálfstæðisflokks gæti í ríkisstjórn og að þau áhrif séu sem ríkust. Aðrir flokkar hér á landi telja sig fyrst og fremst stéttaflokka, sem beri ábyrgð gagnvart meira og minna takmörkuðum starfshópum.

Sjálfstæðismenn munu halda áfram hinu mikilvæga samein ingarhlutverki sínu í íslensku þjóðlífi. Þeir munu vinna að því framvegis sem hingað til, að efla farsæld og velgengni þessarar þjóðar sem samvirkar heildar. Í því felst styrkur stefnu þeirra og á því byggist traust og fylgi þjóðarinnar við hana.

— Menn og málefni

Framh. af bls. 2

1,400 l., marzar, sígaunalög, har-
mónikulög o. fl. 400 l., danslög,
1,600 l., ísl. listamenn (markaðs-
plötur), 200 pl., upptökur Ríkisút-
varpsins (sem notaðar eru áfram)
1.000 pl., amerískar gjafaplötur
og ýmislegt 1,300 pl. Alls 16.400
plötur.

Aukaeintök af sama verki eru
yfirleitt ekki meðtalin á skránni,
svo að raunverulegur plötufjöldi
er nokkru meiri en skráin sýnir.

Á árinu 1951 (til 30. nóv.) hafa
verið keyptar plötur fyrir tæplega
kr. 20.000.00. Þetta svarar til þess,
að keyptar hafi verið um 700 pl.,
og eru það nær eingöngu dans-
lagaplötur. Nú eru í þöntun um
400 plötur með ýmislegri tónlist.

S. Bj.



Ljósmyndari Mbl. tók þessa mynd á Reykjavíkurflugvelli í gær, þegar Sigurður Jónsson, forstjóri loftferðaefirtílsins, afhenti 4 nýjum atvinnuflugmönnum prófskrifteini sín. Þeir eru taldir frá vinstri: Sigurjón Einarsson, Helgi Pálmarsson, Sigurður Jónsson, Sigurður Haukdal og Snæbjörn Samúelsson. Allir stunduðu þeir nám í flugskólanum Þytur, sem nú er eini starfandi flugskólinn á landinu. Kennsluflugvélar skólans sjást í baksýn.

Illviðri það sem af er desember

BORGARFIRÐI EYSTRÁ, 10. des.: — Um miðjan nóvember breyttist veðráttá hér til hins verra. Þá setti niður nokkurn snjó og spillti högum, svo menn urðu að ná saman fé og var þá víða farið að hýsa það, en jörð var þó allstaðar einhver fram til mánaðarmóta. —

Það sem af er desember má nærri segja að illviðri hafi verið upp á hvern einasta dag. Allur fenaður er því á fullri gjöf nema nokkuð af hestum, sem komið hefur verið til göngu á eyðivikurnar hér fyrir sunnan.

Snjór er orðin töluvert mikill og jafnfallinn á lálendi, en til fjalla hefur rífið nokkuð og kæmi þar fljótlega jörð ef einhver hláka kæmi.

Talið er að menn séu í meðal-
lagi birgir af heijum, ef mið-
að er við hestastölu, en sennilega
reynast hey nú mun ódýrari til
gjafa en venjulega, þar sem taða
er mun minni en venjulega og
útheyið síðslegið og víða hrak-
ið. —

Nýlega er lokið hér bólusetn-

— Maður og hestur

Framh. á bls. 8

Ásgeir margan átti hest.
Ásgeir sat þá manna bezt.
Ásgeirs reið um aldir sést
orðs með list á bækur fest.

Það sér vel til gamla íþróttamannsins í bókinni „Samskipti manns og hests“. — Þar hleypir hann enn sem ungur væri — og sviptir til skeiðs. En þar segir hann líka skilmerkilega, hvernig ber að koma fram við gæðinginn fyrir og eftir sprettinn.

Allir, sem unna hestum eða þurfa að umgangast hesta, eiga að fá sér þessa bók. Hún er fræðibók fyrir þá — auk annars.

Aðrir, sem ekki hafa áhuga fyrir því, sem sagt er um hesta, heldur unna bókmenntum yfirleitt, eiga líka að lesa hana. Hún verðskuldar það.

Karl Kristjánsson.

ingu gegn garnaveiki með hinu nýja bóluferni frá tilraunastöðinni á Keldum. Er það í fyrsta sinn, sem það er reynt hér og létu flestir bólusetja öll sín lömb.

Jólasýning í Listvinasalnum

Í LISTVINASALNUM við Freyjugötu, er sýning á myndum, myndvefnaði, leir-, silfur- og kopar-
armunum og alls konar vefnaði. eru þar talsvert á annað hundrað listaverk. Verðið á þessum munum er yfirleitt fremur lágt, aðallega frá 100—600 krónur.

Þessir myndlistarmenn eiga þar myndir:

Barbara Árnason, Ásgrímur Jónsson, Valtýr Pétursson, Kjartan Guðjónsson, Svavar Guðnason, Skarphéðinn Haraldsson, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes Kjarval, Nína Tryggvadóttir, Sverrir Haraldsson, Þorvaldur Skúlason, Snorri Arinbjarnar, Hörður Ágústsson, Júlíana Sveinsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Sigurður Sigurðsson, Benedikt Gunnarsson, Örlygur Sigurðsson, Pétur Friðrik, Magnús Árnason, Sigrún Guðjónsdóttir.

Auk þess er myndvefnaður og almennt myndvefnaður eftir Júlíönu Sveinsdóttur, Ásgerði Ester Búadóttur og Guðrúnu Jónasdóttur. Leirmunir frá leirbrennslunni Funa h.f. Koparmunir frá Birni Halldórssyni, silfurmunir frá Val Fannar og Ásmundi Bjarnasyni.

Aðgangur er ókeypis og er salurinn opin daglega frá kl. 1—10.

Athugasemd

Í GAGNRYNI Orra í Morgunblaðinu 1. des. er svohljóðandi klausa: „Menn vita, að sýningarskáli myndlistarmanna er að mestu leyti lokaður fyrir listamönnum nema þá sjaldan að „Septembersýningin“ þarf á honum að halda.“

Sýningarskálinn hefir verið leigður Ungmennafélaga Reykjavíkur undanfarin ár, þar eð eftirspurn eftir honum til listsýninga hefur ekki verið það mikil, að þær stæðu undir rekstri hans. Í samningum við Ungmennafélagið er gert ráð fyrir 3 mánuðum til listsýninga á ári 1½ mánuður að vori og 1½ mánuður að hausti. Þessum tíma ráðstafar Fél. ísl. myndlistarmanna. Þeirri reglu hefur verið fylgt, að menn fengu skálann eftir þeirri röð, sem þeir báðu um hann nema að öðruvísi væri um samið. Um listsýningar á öðrum en tilskildum tíma hefur verið samið við Ungmennafélagið.

Alloft hefur komið fyrir, að menn sem höfðu beðið um skálann, gengju úr skaftinu á seinustu stundu og því ekki sýningartíminn verið notaður til fulls. Síðastliðið vor sýndu þeir Valtýr Pétursson og Pétur Friðrik og var þá ekki notaður allur tíminn. Nú í haust var Septembersýningin í fyrsta sinn síðan 1948, sýning Harðar Ágústssonar og Örlygs Sigurðssonar. Finnur Jónsson frestaði fyrirhugaðri sýningu sinni. Þótt Orri vaxi Septembersýningin ef til vill í augum svo að hann gleymi öðrum sýningum, sem hann hefur þó skrifað um, falla fyrrnefnd ummæli ómerk.

Stjórn Félags íslenskra myndlistarmanna.

Svar frá Orra við athugasemd þessari er væntanlegt innan skamms.

— Flóttinn

Framh. af bls. 6

gangarnir höfðu fundizt. Foringjar völdu 220 manns, sem áttu að freista flóttans, hinir urðu að biða átektu, um 600 manns. Hver flóttamaður fékk svoltið nesti og landabréf, sumir fengu peninga, er fengizt höfðu með því að selja þýzkum hermönnum vörur Rauða krossins.

Allir vissu, að fáir einir mundu komast til Bretlands, en markið var engu síður að rugla Þjóðverja í ríminu.

Alls konar óhöpp spilltu fyrir nóttina, sem flóttinn var. Ekki sluppu nema 70 manns út.

Næsta hálfan mánuð tókst Þjóðverjum að hafa hendur í hári þeirra allra að 3 undanskildum. Gestapómenn myrtu 50 þeirra, sem náðust. En 5 millj. Þjóðverja tóku þátt í leitinni, margar þúsundir sinntu ekki öðru um háls mánaðar skeið.

Geir Hallgrímsson

hjeradadómálgjafi
Hafnarhvoll — Reykjavík
Símar 1228 og 1164.

KENNSLA

Les með skólafólki. Ódýrara, ef tveir nemendur sameinast um tímana. Upplýsingar á Ránargötu 14, milli 5 og 7 í dag og á morgun. — Sími 7686. —

Skreytið heimilið

Höfum fyrirbyggjandi vönduð húsgögn með sanngjörnu verði. Stólar og stofuborð, sófaborð, eldhúsborð, blóma-
borð og kommóður o. fl.

Húsgagnavinnustofa
Eggerts Jónssonar
Mjóuhlíð 16.

MUNID

Hjá Nýju skóvinnustofunni fáið þið sólaða skóna með dags fyrirvara. Einnig gert við alls konar gúmmivíðgerðir. Reynið viðskiftin. Vönduð vinna. Fljót afgreiðsla.


Nýja skóvinnustofan
Miklubraut 5. — Inngangur frá Gunnarsbraut.

Markús



WHILE THE DREADED BAYING
OF THE HOUNDS DRAWS
NEARER AND NEARER!

A BOLD DISCRETE TO ESCAPE
HE DOES MAMA BEAR HAS TO
SLOW HER PACE SO THAT
"PEEWEE" CAN KEEP UP....



MEANWHILE
THESE BEAR
TRACKS ARE
FRESH, SCOTTY
...WE'RE
GETTING CLOSE!



BECAUSE THEY LEAD STRAIGHT
FROM THE CACHE WHERE I
WAS BURIED!



- 1) Hraðileg hundgáin færir stöðugt nær. Birnan getur ekki yfirgefið litla húnann sinn.
- 2) Á meðan. — Sigi, þessi spor eru ný. Við erum farnir að nálgast hann.
- 3) — Hvernig veiztu, að þau eru frá birninum en ekki birnunni? — Vegna þess, að þau liggja frá hrauknum, þar sem hann gróf mig inni.